

**411. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að  
Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 10. febrúar 2010 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig  
Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir  
(BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ), Marion Worthman,

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir , ritari

Oddviti óskaði eftir tilbrigði við dagskrá þannig að inn komi erindi frá Björgvini  
Smára Haraldssyni undir 13.dagskrárlið og færast aðrir liðir neðar sem því  
nemur.

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá,  
svo var ekki. Gengið til boðaðrar dagskrá.

**Dagskrá:**

- 1. 1001011F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps – 30.fundur.**  
Fundarmenn lýstu ánægju með fyrstu drög sem liggja fyrir fundinum og  
oddvita falið að senda bygginganefnd umsögn í samræmi við umræður á  
fundinum.  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 2. 1001010F - Atvinnumálanefnd – 39.fundur.**  
Samþykkt samhljóða að leggja 200.000.- til gerðar viðskiptaáætlunar vegna  
tilraunaeldhúss á Tálknafirði.  
Fundargerðin staðfest einróma.
- 3. 1001009F - Félagsmálaráð – 38.fundur.**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 4. 1002035 - Fundargerð stjórnar FV dags 6.janúar 2010.**  
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1002003 - Fundargerð 771.fundar stjórnar Sambands íslenskra  
sveitarfélaga.**  
Lagt fram til kynningar.
- 6. 1002037 - Reglur um tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega vegna  
álagningar fasteignagjalda 2010.**

Breyting frá samþykkt 410.fundar þann 14.desember 2009.

A: 100% lækkun :

1. Einstaklingur með tekjur allt að kr. 2.406.000
2. Hjón með tekjur allt að kr. 3.342.000

B: 70% lækkun :

1. Einstaklingur með tekjur á bilinu 2.406.001 – 3.035.000
2. Hjón með tekjur á bilinu 3.342.001 – 4.250.000

C: Engin lækkun :

1. Einstaklingur með hærri tekjur en kr. 3.035.001
2. Hjón með hærri tekjur en kr. 4.250.001

Samþykkt samhljóða.

- 7. 1002034 – Lánasjóður sveitarfélaga beiðni um almenna heimild fyrir birtingu upplýsinga um stöðu lána sveitarfélagsins hjá sjóðnum.**  
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps veitir, með vísan til 60.gr.laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, Lánasjóði sveitarfélaga heimild að miðla upplýsingum um lán sveitarfélagsins hjá lánasjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.  
Samþykkt samhljóða.
- 8. 1002032 – Guðlaug A. Björgvinsdóttir umsókn um leyfi til kattahalds.**  
Samþykkt samhljóða.
- 9. 1002027 – Ungmennafélag Íslands auglýsing eftir umsóknum um framkvæmd 15.Unglingalandsmóts UMFÍ árið 2012.**  
Ákveðið að sækja ekki um að þessu sinni. Samþykkt samhljóða.
- 10. 1002004 – Fiskistofa beiðni um umsögn um umsókn Þóroddar ehf um rekstarleyfi til fiskeldis.**  
Hreppsnefnd mælir með því að Þórodi ehf verði veitt rekstarleyfi. Samþykkt samhljóða.
- 11. 1001035 – Umhverfisstofnun vegna refaveiða á uppgjörstímabilinu 1.september 2009 til 31.ágúst 2010.**  
Greitt verður fyrir unna refi eins og verið hefur. Samþykkt samhljóða.
- 12. 0910066 – Umhverfisráðuneytið, eftirleitir og öræfaleit í Tálkna.**  
Niðurstaða fjögurra ráðuneyta var að hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hefði verið að uppfylla lagalega skyldu sína með því að smala í Tálkna.
- 13. 1002043 - Björgvin Smári Haraldsson beiðni um lausn frá störfum í kjörnefnd Tálknafjarðarhrepps.**  
Í stað Björgvins Smára kemur Guðlaugur Jónsson inn og varamönnum fjölgað úr einum í þrjá og verða Sigurvin Hreiðarsson og Inga Jórunn Jóhannesdóttir.  
Samþykkt samhljóða.
- 14. 1002036 – Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið byggðakvóti fiskveiðiársins 2009/2010.**  
Af fundi viku Eyrún og Bjarnveig, Guðni tók við stjórn fundarins og Marion kom til fundar.  
Hreppsnefnd leggur til að við úthlutun til fiskiskipa verði stuðst við reglugerð nr. 82/2010 frá 29. janúar 2010, en vill nýta sér ákvæði í 2. gr. reglugerðarinnar og setja eitt sérstakt skilyrði sem er að út úr 4. gr. reglugerðarinnar verði tekið : við úthlutun skal ekkert fiskiskip hljóta meira en 15 þorskígildislestir. Samþykkt með atkv. GÓ, BB, BGG og MW.

- 15. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra.**  
Oddviti fór yfir helstu mál sem á döfinni eru.
- 16. 1002033 – Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - sýni af neysluvatni.**  
Lagt fram til kynningar.
- 17. 1002031 – Jafnréttisstofa aðgerðir til að auka hlut hvenna í sveitarstjórnnum.**  
Lagt fra til kynningar.
- 18. 1002028 – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið almennar húsaleigubætur, yfirlit yfir greiddar bætur fjárhagsárið 2009**  
Lagt fram til kynningar.
- 19. 1002026 – Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða listi yfir fyrirtæki sem hafa fengið eftirlit 2009.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:40**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____